

Til Umhverfisstofnunar

Reykjavík, 3. mars, 2021

## Umsókn frá ORF Líftækni hf. dags. 28. janúar sl. um leyfi til tilraunaræktunar utanhúss á erfðabreyttu byggi (*Hordeum vulgare*) í Gunnarsholti á Rangárvöllum

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér umsókn um leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera, frá fyrirtækinu ORF Líftækni hf.

Stjórnin vísar til markmið laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, þar sem segir að tilgangur þeirra sé að „**vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera**“. Einnig: „Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.“

Skilja má umsóknin sem svo að hún sé um afmarkaða notkun eins og tilgreint er í 8. gr. framangreindra laga. Stjórn Landverndar treystir því þau gögn sem lögð hafa verið fram greini fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar hinnar erfðabreyttra lífveru fyrir heilsu manna og umhverfi og fyrirhuguðum öryggisráðstöfunum, auk almennra upplýsinga um tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera. Jafnframt að ekki verði farið í framleiðslutengda notkun án þess að fyrir liggja áreiðanlegt mat á hugsanlegri áhættu og að lögbundin ráðgjafanefnd sérfræðinga hafi gefið álit sitt á álitamáli sem því tengjast. Þá telur stjórnin mikilvægt að staðsetning tilraunareits miðist við að takamarka mögulega áhættu og að rannsóknir á hugsanlegum áhrifum á jarðveg og dreifingar erfðaefnis séu framkvæmdar að óháðum aðilum.

Stjórnin minnir á að þar sem um er að ræða útirækt erfðabreyttra lífvera, er fræðilegur möguleiki á óafturkræfum og kerfislægum áhrifum á lífríki<sup>1</sup>. Útirækt erfðabreyttra lífvera getur þ.a.l. haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Jafnvel þótt líkindin sem slík séu lítil þá er hættan engu að síður til staðar. Á þessum forsendum telur stjórn Landvernd að ef til þess

---

<sup>1</sup> Taleb o.fl. (2014) The Precautionary Principle (with Application to the Genetic Modification of Organisms). *Extreme Risk Initiative – NYU School of Engineering Working Paper Series*.



kemur að afloknum tilraunum farið verði í framleiðslutengda ræktun þá beri að meta þau áform á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Stjórnin minni á varúðarregluna og treystir því að hún verði höfð að leiðarljósi við afgreiðslu þessarar umsóknar.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Landverndar

*Tryggvi Felixson*, formaður stjórnar Landverndar (sign)